Málsnr.: R1910 0011
Skjalasafn Ráðhúss
01. okt. 2019
Bréfalykill: 1320

Reykjavíkurborg

Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

**Tegund skoðunar:** **Takmörkuð úttekt 19.9.2019**
**Staðsetning skoðunar:** Borgartúni 12-14
**Deild:** Framkvæmdasvið fasteigna
**Eftirlitsmaður:** Hafdís Sverrisdóttir
***Þátttakendur í eftirlitsheimsókn:***
Hörður Austfjörð, umsj. fasteigna

Í þessari eftirlitsskýrslu er gerð grein fyrir því sem krefst úrbóta af hálfu fyrirtækisins og gefin tímasett fyrirmæli um hvenær úrbótum skuli lokið.

**Áður en tímafrestir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra**, með myndum ef við á, **til Vinnueftirlitsins á netfangið hafdis@ver.is**.

Ef tilkynning um úrbætur berst Vinnueftirlitinu ekki innan tilgreinds tímafrests þá getur komið til stöðvunar vinnu eða lokunar á þeim hluta starfseminar er fyrirmæli beinast að, sbr. 84. gr., og/eða álagningar dagsekta, sbr. 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

Taka skal með í **áhættumat fyrirtækisins og áætlun um forvarnir** þau atriði sem athugasemdir eru gerðar við í þessari skýrslu. Þó geta verið önnur atriði sem þarfnast úrbóta í fyrirtækinu og komu ekki fram í heimsókn Vinnueftirlitsins. Ef svo háttar skal einnig gera þeim skil í áhættumati fyrirtækisins.

**Kynning**

Farið skal yfir efni þessarar skýrslu með fulltrúum starfsmanna.

**Athugasemd 1 - Starfsmannarými**

Lýsing & mat á aðstæðum:
Á hverri hæð eru salerni sem skiptist í 4 ómerkt salerni og tvö merkt fyrir fatlaða. Salernin eru ekki kynjaskipt.

Fyrirmæli
Salerni skal vera kynjaskipt.

Veittur frestur:
14.10.2019

Lög & reglur:
581/1995, 22.gr.: Reglur um húsnæði vinnustaða

Leiðbeiningar:
22. gr.
Salernafjöldi.
1. Þar sem að staðaldri starfa fleiri en 5 karlar og 5 konur skulu salerni og snyrting fyrir hvort kyn aðgreind.

2. Að jafnaði skal vera minnst eitt salerni fyrir allt að 15 manns en miða skal þó við eftirfarandi meginreglur um fjölda salerna, þvagstæða og handlauga:
Sjá - https://www.vinnueftirlit.is/media/sem-heyra-undir-vinnuvernd/581_1995.pdf

**Áður en tímafrestir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra**, með myndum ef við á, **til Vinnueftirlitsins á netfangið hafdis@ver.is.**

23/9/19 Hafdís

Dagsetning og undirskrift eftirlitsmanns

VINNUEFTIRLIT RÍKISINS

***Andmælaréttur***

*Samkvæmt 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er meginreglan sú að aðili máls á rétt á að tjá sig um nefni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft. Ef andmæli eru við efni skýrslunnar þurfa þau að berast Vinnueftirlitinu innan 14 daga frá dagsetningu hennar. Berist engin andmæli innan frestsins mun skýrslan standa sem lokaákvörðun.*

*Frestur til andmæla á ekki við ef vinna er bönnuð, starfsemi stöðvuð eða gefin eru fyrirmæli um tafarlausar úrbætur skv. 84. gr. og 85. gr. laga nr. 46/1980 og taka slíkar ákvarðanir gildi strax.*

***Áfrýjun úrskurða***

*Samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er heimilt að kæra ákvarðanir Vinnueftirlitsins til Velferðarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina.*

*Samkvæmt 2. mgr. 85. gr. laga nr. 46/1980 frestar kæra á ákvörðunum Vinnueftirlitsins samkvæmt 84. gr. og 85. gr. laganna ekki stöðvun vinnu eða lokun starfsemi.*